

Nefndasvið Alþingis, nefndasvid@althingi.is

Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja)

Þingskjal: 183-114. mál

Sendandi: Ragnar Geir Brynjólfsson

Dagsetning: 22. 2. 2018

Háttvirta Alþingi og alþingismenn.

Málefni umskurnar er án efa áttakamál á ýmsum heimilum hér á landi þar sem aðkominn menning blandast þeirri íslensku og vitaskuld má taka undir að það eru hagsmunir barnungra drengja að vera ekki umskornir þar sem aðgerðin er sársaukafull og ekki alveg hættulaus. Umskurðarbann að viðlögðu 6 ára fangelsi er samt líklegt til að valda trúuðum gyðingum og hugsanlega einnig múslimum vandræðum. Gera má ráð fyrir að fólk flytji af landi brott vegna trúar sinnar, komi ekki hingað sem ferðamenn eða til að setjast hér að. Einnig að einhverjir muni ferðast með drengi sína til útlanda og láta umskera þá þar.

Stjórnámálamenn ættu ekki að horfa þröngt á mál á borð við þetta sem snertir hagsmuni fleiri en eins hóps. Þeim ber skylda til að veða og meta stærra samhengi og fleiri hagsmuni og þá koma trúar- og menningarlegir hagsmunir fljótt inn í myndina, t.d. hagsmunir gyðinga. Trúfrelsi er einn af hornsteinum mannréttinda. Fólk getur ekki bæði sagst vera fylgjandi mannréttindum í einu orði og í því næsta þröngt að réttindum trúaðra eða látið eins og trúarlegir hagsmunir séu léttvægir og tilheyri sögunni. Þegar mannréttindi stangast á eins og í þessu máli hlýtur fyrsta skrefið að vera það að veða og meta hagsmuni. Í þessu máli hlýtur því að þurfa að veða óánægju og þjáningu þeirra drengja sem eru umskornir, þ.e. í aðgerðinni sjálfri og þeirra sem verða óánægðir með umskurnina síðar meir á móti óánægju þeirra gyðinga, múslima og hugsanlega fleiri sem telja á sér brotið með banni. Þar vegur einnig ánægja og lífshamingja þeirra sem finna lífi sínu farveg sem trúaðir gyðingar.

Umskurður er gamalt réttindamál gyðinga. Eftirmaður Alexanders mikla Antíokkus Epífanés á 2. öld fyrir Krists burð reyndi að banna siði þeirra, m.a. umskurn. Í fyrstu Makkabeabók stendur: „Drengi mátti ekki framfar umskera en sál þeirra saurga með alls kyns flekkun og vanhelgun“ og „Að fyrir mælum konungs voru konur, sem létu umskera syni sína, teknar af lífi. Voru ungbörnin hengd um háls þeirra. Einnig voru heimamenn þeirra og þeir sem önnuðust umskurnina deyðdir.“ Gyðingar snerust til varnar og háðu orrustur um hefðir sínar og sjálfstæði. Um þetta má lesa í fyrstu og annarri Makkabeabók. Til að skilja málstað, menningu og sögu gyðinga betur mæli ég því með að háttvirtir alþingismenn lesi Makkabeabækurnar hafi þeir ekki gert það nú þegar. Þær eru ekki langar og verkefnið ætti ekki að taka mikinn tíma. Ég mæli t.d. með nýrri útgáfu biblíunnar á rafrænu formi en í þeirri útgáfu má finna þessi rit. Alþingismenn á ferð og flugi geta t.d. lesið bækurnar í snjallsíma með kindle appi.

Að bjóða upp á sérhæfða aðstoð, hugsanlega með deyfingu við umskurn drengja væri hugsanlega fær meðalvegur og gæti líklega dregið verulega úr þjáningum ungbarna en auk þess sætt fólk, t.d. strangtrúaða gyðinga eða múslima við samfélag sitt.

Virðingarfyllst,

Ragnar Geir Brynjólfsson
Baugstjörn 33, 800 Selfoss
Sími 896 5768